

Nd.

166. Nefndarálit

[42. mál]

um frv. til laga um fræðslumyndasafn ríkisins.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Nefndin mælir öll með samþykkt frumvarpsins, en meiri hluti nefndarinnar flytur breytingartillögu um heimild til menntamálaráðherra að ákveða gjald fyrir lán eða leigu á mjófilmum. Þar sem hér er að mestu um að ræða fræðslumyndir, sem ég tel óeðlilegt að skattleggja, legg ég til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Breytingartillaga meiri hl. nefndarinnar virðist miðast við, að fjárveiting til fræðslumyndasafnsins sé nálægt því lágmarki, sem lagafrumvarpið gerir ráð fyrir, en ég tel óhjákvæmilegt, að hún sé allnokkru hærri.

Alþingi, 2. des. 1960.

Geir Gunnarsson.